

STJÓRNARTÍÐINDI B 108 – 2000

28. september 2000

2079

Nr. 720

REGLUR

**um breytingu á reglum um smíði og búnað báta með mestu lengd
allt að 15 metrum nr. 592/1994 með síðari breytingum.**

1. gr.

Við grein 1.1 bætist eftirfarandi málslíður:

Reglur þessar taka ekki til nýrra skemmtibáta sem fjallað er um í reglugerð um skemmtibáta nr. 168/1997 með síðari breytingum, né til notaðra skemmtibáta sem fluttir eru inn frá ríkjum utan hins Evrópska efnahagssvæðis.

2. gr.

Grein 5.2 í kafla S-11 orðist svo:

Stofnstreng milli rafhlöðu – greinartöflu skal verja annaðhvort með stofnvörum eða strengurinn gerður fyrir straumflutning sem jafngildir 75% af málstraumi allra fasttengdra notenda og skal strengjalögnin þá uppfylla kröfuna í 7.3.

3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 28. september 2000.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

10. október 2000

Nr. 721

AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum
í Garðabæ og Hafnarfirði.**

Bæjarráð Garðabæjar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 22. ágúst 2000 breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Tillagan var í auglýsingu 16. maí – 1. júlí sl. samkvæmt 25. gr. skipulags- og bygg- ingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 10. október 2000.

F.h. Garðabæjar,

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi Garðabæjar.